

Alþingi
Erindi nr. P 141/168
komudagur 19.10.2012



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2012

Efni: 141. löggjafarþing. 110. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira, nr. 91/2007 (Miðstöð íslenskra bókmennta)

Umsagnaraðili: Félag íslenskra bókautgefenda

Félag íslenskra bókautgefenda eru heildarsamtök íslenskra bókautgefenda. Félagið var stofnað árið 1889 og hefur æ síðan beitt sér fyrir hagsmunum bókautgefenda gagnvart bóksölum og öðrum aðilum á bókamarkaði og er til ráðgjafar um samninga bókautgefenda við höfundarréttthafa. Félag íslenskra bókautgefenda berst fyrir því að höfundar- og útgáfuréttur sé virtur og fyrir virku prent- og tjáningarfrelsi. Félag íslenskra bókautgefenda er meðlimur í alþjóðlegum samtökum útgefenda, International Publishers Association (IPA) og Evrópusamtökum útgefenda, Federation of European Publishers (FEP).

Almennt um lög

Stjórn Félags íslenskra bókautgefenda telur að í grundvallaratriðum séu löggin ekki andstæð hagsmunum bókautgefenda. Stjórnin lýsir hins vegar furðu sinni á að eina tillaga íslenska stjórnvalda í málefnum bókmennta og bókmenningar á gríðarlegum umbrotatímum í skuli vera einföld nafnbreyting úr bókmenntasjóði í Miðstöð íslenskra bókmennta. Ekki verði séð að tilgangur frumvarpsins sé ekki á neinn hátt að styðja betur en áður við íslenska bókmenningu, umfram að hnykkja frekar á kynningu hennar erlendis. Stjórn Félags íslenskra bókautgefenda skorar á Alþingi að nota nú tækifærið og smíða nýja umgjörð um bókautgáfa, miðlun og bókmenningu þar sem raunverulegum áskorunum samtímans er mætt: rafbókavæðingu, stafrænum aðgangi almennings að höfundarréttarvörðu efni og kerfisbundnum innkaupum fyrir bókasöfn og teknar verði upp réttlátar greiðslur fyrir aðgengi almennings að prentuðum og rafrænum bókum. Um leið er ljóst að stjórnvöld og bókautgefendur og höfundar verða að sjá fyrir sér nýjar leiðir við miðlun kennsluefnis fyrir framhaldsskóla og rafræna miðlun kennsluefnis. Opna verður frekar fyrir aðkomu einkarekinna bókaforlaga að markaði fyrir kennsluefni grunnskóla og almennt er ljóst að sníða verður stuðning við bókmenningu að þeim stefnumiðum sem sett eru fram í ályktun Alþingis um íslenska málstefnu frá árinu 2009. Þar er ítrekað hnykktt á mikilvægi útgáfu bóka fyrir íslenska málsamfélagið. Í samhengi við þessi stóru mál er það skoðun Félags íslenskra bókautgefenda að þótt að kynning á íslenskum fagurbókmenntum erlendis sé að sönnu mikilvægt málefni, knýi nú stærri mál á um úrlausn. Stjórn Félags íslenskra bókautgefenda mælir því ekki með að frumvarpið

verði samþykkt óbreytt. Stjórn Félags Íslenskra bókaútgefenda kallar eftir frumvarpi sem miðar að því að styðja við bakið á bókaútgáfu og íslenskri bókmenningu í víðu samhengi og að hið opinbera marki sér skýrari stefnu á þessu sviði.

Í þeim anda setur stjórn Félags Íslenskra bókaútgefenda fram neðangreind stefnumið í málefnum íslenskrar bókmennningar í von um að þær séu Alþingi hvatning til umræðu um málefnið.

Tillögur að stefnumörkun í málefnum íslenskrar bókaútgáfu

Íslensk bókmennning

Íslensk bókmennning er sú grein íslenskrar menningar sem á sér lengsta samfellda sögu. Íslenskar miðaldabókmenntir eru mikilvægur hluti af menningararfi alls mannkyns og eru í hópi helstu verka heimsbókmenntanna. Á grundvelli þeirra mótaðist sjálfsvitund Íslendinga og skilningur þeirra á stöðu sinni meðal annarra þjóða. Bókmenningin er grundvöllur menntunar íslenskra barna og er hornsteinn lýðræðislegrar þátttöku almennings. Skilningur á tungumálinu, færni í beitingu þess og skilningur á lesmáli, er frumskilyrði þess að Íslendingar geti rætt saman, sett fram hugmyndir og deilt þeim með öðrum í samfélaginu. Staða og gildi íslenskrar bókmennningar er nátengd þeim áherslum sem settar eru fram í Íslenskri málstefnu, sem Alþingi samþykkti í ályktun árið 2009. Þar er í nánast öllum atriðum vísað til þess að útgáfa bóka, ritun þeirra og miðlun sé einn mikilvægasti þátturinn í að viðhalda móðurmálinu og tryggja vöxt þess og þróun.

1. Stoðir íslenskrar bókmennningar

1.1. Þátttaka almennings

Íslensk bókmennning er borin uppi af mikilli þátttöku almennings. Vilji fólks til að kaupa og lesa bækur á móðurmáli sínu og taka þátt í umræðum um innihald þeirra drífur áfram sköpun, útgáfu og fjárfestingu. Samkvæmt árlegri skoðanakönnun Capacent, sem unnin er fyrir Félag Íslenskra bókaútgefenda, kaupa um 70% Íslendinga bækur til gjafa fyrir hver jól. Í nýlegri könnun Félagsvísindastofnunar, svonefndri Menningarvog, kemur fram að 82% Íslendinga lesa bækur sér til skemmtunar. Mat Félags Íslenskra bókaútgefenda er að minnsta kosti 8 bækur séu seldar á mann á Íslandi ár hvert. Um 1500 bókartitlar koma út árlega og hefur sú tala haldist stöðug alla 21. öldina.

Útlán bóka jukust almennt í kjölfar efnahagshrunins árið 2008. Velta bókaútgefenda og bóksala drógst stöðugt saman samkvæmt tölum Hagstofunnar árin 2008–2010 en jókst aftur lítillega árið 2011 og er nú 4,604 milljarðar króna Enn er bóksala minni en árin 2007–2009. Heildarsöluverðmæti bóka í íslenskum bókaverslunum að frádregnum VSK árið 2011 var 7,337 milljarðar króna.

Íslensk bókmennning byggir nánast alfarið á almennum neytendamarkaði; á vilja og getu almennings til að kaupa bækur. **Hlutdeild hins opinbera á markaðnum, svo sem með kaupum skóla, bókasafna eða stofnana, er mjög lítil hluti af heildartekjum bókaútgefenda.** Í samanburði við aðra bókamarkaði, jafnvel markaði í nágrannalöndum okkar, er þátttaka hins opinbera í íslenskum bókamarkaði óvenju lítil. Samkvæmt upplýsingum frá félögum í Félagi Íslenskra bókaútgefenda fá

einkarekin bókaforlög á bilinu 5–10% af tekjum sínum frá hinu opinbera og hlutdeild hins opinbera í íslenskum bókamarkaði hefur farið minnkandi. Bókasöfn hafa dregið úr bóka kaupum í kjölfar efnahagshrunsins og kaupa í minna mæli bækur beint frá útgefendum. Hins vegar af því að íslenskir grunnskólar hafa ekki fjármuni til að kaupa bækur af einkareknum bókaútgáfum.

1.2. Einkafjárfesting

Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hrein velta bókaútgefenda árið 2011 4,604 milljarðar króna. Hagnaður bókaútgáfunnar hefur í sögulegu og alþjóðlegu samhengi verið lítill en stöðugur, sérfræðingar gera ráð fyrir um 5% árlegum vexti greinarinnar sé litið yfir langt tímabil. Gera má því skóna að sé miðað við 5–10% hagnað af rekstri íslenskrar bókaútgáfu fjárfesti fyrirtækin í íslenskri bókmenningu fyrir minnst 4 milljarða árlega. Þessi fjárfesting er að langmestu leyti á vegum einkafyrirtækja.

Varlega áætlað er heildarfjárfesting bókaútgefenda í íslenskri bókmenningu á 21. öld 40 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að beinn stuðningur hins opinbera við bókaútgáfu á þessum tíma, að meðtöldum beinum styrkjum fjárlaganefndar frá árinu 2000, nemur rétt rúmum 600 milljónum. Séu þeir fjármunir reiknaðir með sem runnu til verkefnisins Ísland sem áhersluland Bókamessunnar í Frankfurt am Main árið 2011 nær heildarupphæðin tæpum milljarði króna.

1.3. Höfundarlaunagreiðslur

Útgáfufyrirtæki greiða árlega mörg hundruð milljónir króna til höfunda fyrir nýtingu á höfundarréttarvörðu efni. Tekjur höfunda af sölu bóka sinna eru óþafað einn mikilvægasti þátturinn í viðhaldi íslenskrar bókmennningar. Með samspili opinbers stuðnings til höfunda sem veittur er með Starfslaunum listamanna og tekjum af sölu verka á almennum markaði hefur tekist að búa til virkan hóp íslenskra fagurbókmennta- og fræðiritahöfunda. Verk þessa fólks, einkum höfunda fagurbókmennta fyrir fullorðna, eru útflutningsvara. Árlega eru gerðir tugir samninga um sölu á þýðingarréttindum íslenskra bóka. Fjöldi þessara samninga hefur aukist á undanförunum árum. **Útbreiðsla íslenskrar bókmennningar á heimsvísu hefur aldrei verið meiri en nú.** Sala á þýðingarréttindum íslenskra bókmenntaverka hefur bætt við nýrri og mikilvægri tekjustoð fyrir rithöfunda. Samtök útgefenda og höfunda innheimta árlega greiðslur fyrir afnot af útgefnum bókum í skólum og stofnunum á vegum Fjölís, samtaka höfundarréttthafa. Greiðslur fyrir ljósritun, og einnig að vissu marki stafræna endurgerð, útgefina verka, nýtast höfundarréttthöfum á ýmsan hátt, til að mynda eru þær mikilvægar fyrir rekstur félagasamtaka þeirra og renna til höfunda aftur í formi styrkja og stuðnings við íslenska bókmenningu. Félag íslenskra bókaútgefenda hefur til að mynda skuldbundið sig til að verja þeim fjármunum sem innheimtir eru fyrir ljósritun og skönnun til stuðnings íslenskri bókmenningu.

1.4. Aðgengi að bókum

Öll íslensk sveitarfélög eiga samkvæmt lögum að reka almenningsbókasafn. Grunnskólum er einnig skylt að reka skólabókasöfn. Helsta hlutverk bókasafna er að veita almenningi aðgengi að bókum og lesefni. Kaup bókasafnanna á nýjum bókum og endurnýjun safnkosts er komin undir fjárhagsstöðu viðkomandi sveitarfélags. Þegar þrengir að sneiðist um möguleika sveitarfélaganna til bóka kaupa og því hafa bæði almennings- og skólabókasöfn fengið að kynnast á undanförunum árum. Óheppilegar lagabreytingar gerðu það einnig að verkum að skólum var um tíma ekki skylt að reka bókasöfn. Könnun sem gerð var árið 2011 á stöðu skólabókasafna leiddi í ljós gríðarlegan niðurskurð miðað við fjárveitingar árið 2008.

1.5. Lestrarkennsla og lestrarhvatning

Íslenskt málsamfélag og íslenskir kennarar og skólayfirvöld hafa unnið ötult starf við að styrkja íslenska lestrar- og bókmenningu. Vitundin um mikilvægi bókmenningar og lesturs fyrir grundvöll námsgetu er almennt útbreidd og fer vaxandi og aðgerðir til að auka lestur hafa borið árangur. Stjórnvöld hafa litið niðurstöður kannana sem sýna minnkandi lestur alvarlegum augum og höfundar, fræðimenn og aðrir sem ber hag lesturs fyrir brjósti hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Málefni lestrarhvatningar verða hins vegar aldrei tæmd. Lestarahvatning er eilífðarverkefni. Þess vegna er mikilvægt að öll verkefni sem tengjast lestrarhvatningu hafi sem skýrust viðmið svo hægt sé að mæla árangur. Annars er hætt við að menn gefist upp við róðurinn.

2. Þátttaka hins opinbera í íslenskum bókamarkaði

2.1. Íslenski námsbókamarkaðurinn

Í alþjóðlegri bókaútgáfu er alla jafna greint á milli tvenns konar útgáfustarfsemi. Annars vegar er um að ræða útgáfa á kennsluefni og fagefni fyrir háskóla og fyrirtæki (Scientific, Medical and Technical Publishing (STM)). Hins vegar bækur gefnar út fyrir venjulegan neytendamarkað (General Trade). Litið er á fyrri markaðinn sem kjarnamarkað bókaútgáfunnar, enda velta hans hlutfallslega meiri og stöðugri en almenna bókamarkaðarins. Eitt helsta einkenni bókamarkaða í þróunarlöndum er að þar eru fyrst og fremst gefnar út kennslubækur. Alþjóðasamtök bókaútgefenda (International Publishers Association IPA) hafa lagt hart að alþjóðastofnunum sem styðja við efnahagsþróun að beita sér fyrir því að hið opinbera gefi ekki sjálft út kennslubækur, heldur miði að því að byggja upp bókamarkaði með því að kaupa bækur af einkareknum bókaútgáfum. Almenna reglan er að um leið og þessi útgáfufyrirtæki dafna fara þau að gefa út annars konar efni, svo sem bókmenntir, barnabækur og önnur rit fyrir almenning. Á þróuðum bókamörkuðum er hlutfall kennslu- og fagefnis mjög stórt, oft um helmingur tekna fyrirtækjanna. Af 10 stærstu fyrirtækjum heims í bókaútgáfu starfa flest þeirra fyrst og fremst við útgáfu kennslu- og fagefnis, s.s. Pearson Group, Elsevier, McGraw Hill, Scholastic osfrv. Stærstu útgáfufyrirtæki Norðurlanda byggja afkomu sína að mestu leyti á útgáfu kennsluefnis fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Eitt helsta sérkenni íslenska bókamarkaðarins er hve markaður með kennslu- og fagbækur er vanburðugur. Kaup hins opinbera, sveitarfélaga og ríkis, á fag- og kennsluefni af einkareknum bókaútgáfum eru mjög lítil. Á sama tíma er eini opni markaðurinn með kennslugöng, markaður fyrir kennslugögn framhaldsskóla, í mikilli kreppu.

Félagar í Félagi Íslenskra bókaútgefenda sem hafa með höndum útgáfu á efni fyrir framhaldsskóla telja að stokka þurfi hana algerlega upp. Komi þurfi á fót rafrænni miðlunarleið sem miði við gjaldtöku af nemendum í gegnum skólana til að koma í veg fyrir misnotkun á höfundarréttarvörðu efni. Til þess að svo megi verða þarf reglugerðarbreytingu eða breytingu á núgildandi lögum um framhaldsskóla þar sem gjaldtaka skóla fyrir námsefni er nú óheimil.

2.1.1. Grunnskólar

Íslenskir grunnskólanemendur fá kennslugögn afhent í skólum og skólar sjá um að útvega þau. Frá því á fjórða áratug 20. aldar hefur hið opinbera rekið öfluga útgáfu námsgagna, Námsgagnastofnun, sem að langmestu leyti sér um að gefa út kennsluefni fyrir grunnskóla. Bein kaup skóla á efni frá öðrum útgefendum hafa verið með ýmsu móti í gegnum tíðina. Með lögum um svokallaðan Námsefnissjóð árið 2007 var horfið frá fyrra kerfi sem byggði á miðlun bóka með einskonar miðlægum innkaupaheimildum og reynt að styrkja grunnskóla beint til að kaupa efni frá öðrum

aðilum. Sjóðurinn er grundvöllur þess að til verði samkeppnismarkaður um námsgögn fyrir grunnskóla og að einkareknar bókaútgáfur nái að selja vörur sínar til grunnskóla. Staða sjóðsins versnaði í kjölfar efnahagshrunisins og framleiðsla einkarekinna bókaútgefenda á efni fyrir grunnskóla er enn takmörkuð.

2.1.2. Framhaldsskólar

Í kjölfar þess að réttarstaða barna breyttist var fræðsluskylda til handa allra ungmenna fram til 18 ára aldurs leidd í lög. Framhaldsskólanemendur eru hins vegar ekki skyldugir til skólagöngu, kjósi þeir sjálfir að sleppa henni, og því hefur ekki verið lögð sú skylda á herðar hinu opinbera að sjá framhaldsskólanemendum fram til 18 ára aldurs fyrir kennslugögnum. Sú mótsagnakennda þróun hefur orðið á þessum markaði að eftir því sem fjöldi framhaldsskólanemenda hefur aukist hafa kaup á nýjum kennslubókum minnkað. Hvatinn til þess að þróa nýtt kennsluefni hjá bókaforlögum hefur þannig smám saman horfið. Ástæður þessara breytinga hafa ekki verið kannaðar til hlítar en skólastjórnendur hafa bent á að almenningur telji það óréttláta byrði að verja háum fjárhæðum til kaupa á kennslugögnum fyrir framhaldsskólanemendur. Markaðir með notaðar bækur hafa einnig verið nefndir til sögunnar. Bæði skólastjórnendur og útgefendur námsefnis eru sammála um að einfaldasta og besta leiðin til að snarlækka kostnað nemenda og að tryggja nægt framboð af góðu námsefni sé að bjóða upp á rafrænar miðlunarleiðir þar sem megninu af námsefninu yrði miðlað. Til að svo megi verða þarf hins vegar nýja nálgun á samstarf ríkis og útgefenda, bæði þar sem núgildandi lög banna gjaldtöku skóla – en hún yrði nauðsynleg ef nemendur eiga m.a. að notast við núverandi innri net skólanna – og einnig sökum þessa að horfast þarf í augu við að það gengur ekki að tryggja fræðsluskyldu nemenda á framhaldsskólaaldri en koma á engan hátt til móts við þarfir fjölskyldna sem telja sig ekki hafa burði til að kaupa námsgögn. Vandamál tengd þessari nýju stöðu – þ.e. að nær allir fara í framhaldsskóla en horfast ekki í augu við útgjaldaaukningu vegna þessa – verða ekki leyst til lengdar með skiptibókamörkuðum.

2.2. Íslenskar rafbækur og stafræn endurgerð prentarfsins

Um allan heim fara fram miklar umræður um hvernig koma megi á rafrænu aðgengi almennings að prentarfi síðustu 500 ára (digital migration). Þessar deilur hafa orðið að pólitísku bitbeini og breytt höfundarrétti úr óáhugaverðu sérsviði lögfræðinnar í eitt vinsælasta umræðuefni samtímans. Hagsmunasamtök íslenskra bókaútgefenda og höfunda vilja að kraftar íslensks samfélags séu fremur nýttir til þess að komast að einfaldri og áhrifaríkri niðurstöðu en eyða mörgum árum í karp um undantekningar frá höfundarlögum, aðstöðu bókasafna, lengd höfundarréttar osfrv. Slík lausn felur í sér þrennt:

- a) Fullt rafrænt aðgengi almennings, án greiðslu notenda, að nær öllum íslenskum prentarfi síðustu alda, einnig þess hluta hans sem er höfundarréttarvarinn.
- b) Hraða uppbyggingu rafbókamarkaðar með stafrænni útgáfu allra verka þeirra höfunda og höfundarréttarhafa sem kjósa að selja verk sín á markaði.
- c) Nýja sýn á hvernig höfundum og útgefendum er tryggt eðlilegt gjald fyrir aðgengi að útgáfuverkum þeirra meðal almennings í bókasöfnum, stofnunum osfrv.

2.2.1. Landsaðgangur íslenskra bóka – Fullt aðgengi almennings án notendagreiðslu á allt að 90% íslenskra texta

Nú þegar er almenningi á Íslandi veittur fullur aðgangur án endurgjalds að tímaritum og dagblöðum inni á vefgáttinni timarit.is og að bókum utan höfundarréttar á vefgáttinni bækur.is. Að auki hafa allir Íslendingar aðgang að rafrænum útgáfum vísindatímarita inni á hvar.is, stórmerkileg staðreynd sem setur Ísland fremst í flokk í heiminum hvað varðar aðgengi almennings að verðmætum upplýsingum úr nýjustu vísindarannsóknum.

Landsbókasafn Íslands hefur þegar mótað sér þá stefnu að endurgera stafrænt allan prentarf Íslendinga og er það hluti af evrópsku verkefni, Europeana, þar sem stefnt er að allur menningararfur Evrópubúa verði aðgengilegur rafrænt.

Áform um að endurgera bækur stafrænt og birta þær á netinu verða hins vegar ekki framkvæmd nema í sátt við höfundarréttihafa eða þá sem hafa haft með útgáfu efnisins að gera með samningum við höfundarréttihafa. Samkvæmt höfundarlögum er óheimilt að dreifa, fjölfalda eða á annan hátt miðla höfundarréttarvörðu efni í allt að 70 ár eftir andlát höfundar. Við andlát höfundar rennur höfundarréttur til erfingja hans eða annarra sem hafa hann með höndum. Þessi ákvæði eru hluti af alþjóðasamningum sem Ísland hefur undirgengist, svo sem Bernarsáttmálanum, samþykktum alþjóða viðskiptastofnunarinnar og tilskipunum ESB.

Til að auðvelda dreifingu höfundarréttarvarins efnis og tryggja aðgang stofnana, skóla og almennings að því efni sem ekki er á almennum markaði hefur verið samið um skilgreind not við regnhlífarsamtök höfundarréttihafa á Íslandi, Fjölís, sem gerir fyrir hönd höfundarréttihafa samninga um eftirgerð höfundarréttarvarinna verka. Þessir samningar byggja á grunni samfélagslegarar skylduinnheimtu sem auðveldar í senn afnot af efninu og umbunar höfundarréttarhöfum.

Ekkert er tæknilega eða lagalega því til fyrirstöðu að útvíkka núverandi innheimtukerfi Fjölíss þannig að það taki til allra prentaðra bóka í höfundarrétti. Með sérstöku samkomulagi Landsbókasafns f. h. ríkisins og Fjölíss væri samið um árlegar greiðslur fyrir stafræna endurgerð og birtingu alls höfundarréttarvarins efnis, með þeim fyrirvörum sem nú eru í samningum Fjölíss að höfundarréttihafi geti hvenær sem er tilkynnt um að hann vilji ekki hafa verk sín innan vébanda þessara skilmála („opt-out“ klausa). Ætla má að allir sem sjái fram á að geta fénytt verk sín á frjálsum markaði muni kjósa að undanskilja verk sín hinni sameiginlegu stafrænu endurgerð.

Kostirnir við slíkt samkomulag eru augljósir: Allt vísindasamfélagið, skólasamfélagið, stofnanir og almenningur, sem og fræðimenn um heim allan hafa óheftan aðgang að megninu af því sem gefið hefur verið út á prenti á íslensku. Í stað þess að þrátta og karpa um höfundarréttinn sem slíkan er fundin lausn sem tekur mið af honum og vinnur í sátt við höfundarréttihafa.

Stafræn endurgerð færi fram með sama hætti og er nú á bækur.is. Verkin yrðu ljósmynduð og birt á netinu á vefgátt Landsbókasafns og þar væri hægt að skoða þau í ýmsum myndum, en ekki væri hægt að hlaða þeim niður á lestrartæki eða geyma eintak. Greitt yrði fyrir þessi afnot samkvæmt samningum Fjölíss við Landsbókasafn.

2.2.2. Hröð uppbygging rafráðkamarkaðar og stórauðið úrval

Virðisþeðja bókaútgáfu, prentunar og bóksölu skapar mörg hundruð störf og heildarvelta hennar telst um 35 milljarðar skv. tölum Hagstofu Íslands. Til að tryggja að þessi mikla fjárfesting og virðismyndun haldi áfram að standa undir blómlegu bókmenntalífi verður öflugur og skilvirkur bókamarkaður að vera til.

Til að gera rafbókamarkaðinn álíka skilvirkan þarf að auka úrval rafbóka hratt. Til að sá hluti bóka sem koma út á íslensku sem ekki verður gerður aðgengilegur í rafrænum landsaðgangi geti verið fáanlegur á markaði þarf að búa rafbækur til sölu. Fjöldi þessara rafbóka eru eldri bækur höfunda sem ekki er hægt að selja háu verði sem rafbækur. Hins vegar er kostnaður við gerð þeirra talsverður, enda eru þær unnar þannig að prentuðum texta er breytt í stafrænan og bók í raun brotin upp á nýtt og búin til útgáfu í þeirri tæknilausn sem hentar.

Benda má á að franskir bókaútgefendur og frönsk stjórnvöld hafa unnið saman við að leysa þetta vandamál. Þar hefur verið samið um að útgefendur leggi til helming kostnaðar við rafvæðingu prentverka en stjórnvöld búið til sjóð sem hjálpar þeim við verkið. Um leið er tryggt að landsbókasafn rafbóka Frakka, Gallica, fái bækurnar afhentar til afnota og varðveislu.

Setja mætti sér skilgreind markmið: 100 bækur eða 500 bækur og fundinn verðmiði á rafræna yfirfærslu þeirra. Með þessu móti mætti byggja upp nánast í einni svipan öflugan rafbókamarkað á Íslandi og um leið tryggja aðgengi bókakaupenda, skólafólks og bókasafna að úrvali rafbóka á íslensku.

Þetta markmið skiptir miklu þegar hugað er að framtíð íslenskunnar sem stafræns tungumáls. Ljóst er, m.a. vegna nýlegrar hvítbókar um framtíð lítilla málsamfélaga í stafrænu umhverfi, að veruleg hætta stafar að framtíð íslenskunnar.

2.2.3 Ný sýn á endurgjald til höfunda og útgefenda fyrir aðgengi að útgáfuverkum

Eins og málum er nú háttað eru bókasöfn ekki nægilega virkur aðili í uppbyggingu virðisþeðju íslensks bókamarkaðar. Fjárveitingar til bókasafna bæði þeirra sem ætlaðar eru almenningi og nemendum, eru orðnar ákaflega rýrar. Hlutverk þeirra sem miðlunaraðila sem tryggir aðgengi er áfram hið sama og rík þörf er hjá þeim til að auka þjónustu og gera hana rafræna.

Markvissari uppbygging bókasafna, bæði á prentefni og og rafrænu efni, helst í hendur við að höfundum og útgefendum séu tryggðar betri tekjur af aðgengi eða kaupum verka. Þetta má gera með ýmsum leiðum.

- a) Innkaupastyrkur fyrir bókasöfn. Þessi leið er til að mynda farin í Noregi. Hún gengur út á að ákveðinn fjöldi titla bóka sem taldar eru mikilvægar fyrir bókmenningu og almenna fræðslu, sem og til að byggja upp lestrarkunnáttu barna, séu keyptar af ríkinu og eintökunum komið til bókasafna.
- b) Greiðslur til höfunda og útgefenda endurspeglar raunnotkun. Eins og sakir standa eru greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum mjög lágar og endurspeglar ekki raunverulega notkun. Útgefendur fá engar greiðslur fyrir afnot af bókum sem þeir kosta útgáfu á í bókasöfnum aðrar en innkaupagreiðslur og á undanförunum árum hafa bókasöfn í æ ríkari mæli skirrst við að kaupa mikið magn nýrra bóka í hagræðingarskyni. Þessi þróun er átakanlegust í skólabókasöfnum þar sem innkaup hafa nánast hrúnið.

- c) Rafræn útlán útheimta nýtt módel vegna þess að hefðbundin leið, að kaupa eintak og lána það þangað til það er ónýtt, gengur ekki upp. Þetta hefur reynt erfitt í nágrannalöndum okkar og því ljóst að leita þarf bestu lausna á þessu sviði í framtíðinni og um leið bjóða upp á tækniþjónustu sem hentar til að útlán og sala lendi ekki í samkeppni, eins og orðið hefur raunin í Danmörku og Svíþjóð.

Samantekt

Íslensk bókmenning stendur á tímamótum. Gríðarlegur þrýstingur er frá almenningi, bókasöfnum og stofnunum um frekari aðgengi að höfundarréttarvörðum bókum á rafrænu formi. Um leið hafa bein framlög hins opinbera til kaupa á bókum dregist saman. Grundvallarbreytingar hafa orðið á mörkuðum fyrir námsefni framhaldsskóla og markaður fyrir námsefni fyrir grunnskóla er enn meira og minna lokaður einkareknum bókaútgáfum. Tekjur höfunda að aðgengi almennings að verkum þeirra eru ekki í neinum tengslum við útlánafjölda og bein framlög hins opinbera til stuðnings við útgáfu bóka á íslensku, m.a. í samræmi við markmið íslenskrar málstefnu, hafa farið síminnkandi. Íslensk bókmenning og miðlun efnis á íslensku er borin uppi af vilja einkarekinna fyrirtækja til að fjárfesta í greininni, óbilandi miðlunar- og sköpunarþörf íslenskra höfunda og gríðarlegrar þátttöku almennings sem bæði les og kaupir bækur í miklum mæli. Ef einhver þessara stoða bregst er illa komið fyrir íslenskri bókmenningu og það sorglega er að það er engin áætlun til um það hvernig eigi að bregðast við því. Félag íslenskra bókaútgefenda telur að lagafrumvarp á borð við það sem nú hefur verið lagt fram breyti mjög litlu um kynningu íslenskra bókmennta erlendis. Þeim málum er þegar vel fyrir komið innan ramma gildandi laga um Bókmenntasjóð. Ástæða er því til að horfa lengra og taka á brýnum úrlausnarefnum greinarinnar með nýjum tillögum og nýju frumvarpi.